

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2000060036  
2300; 9310

Reykjavík, 28. september 2000  
/--

### **Efni: Bygging á nýjum brimvarnargörðum í Grindavík. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.**

Vísað er til erinda Siglingastofnunar fyrir hönd Hafnarstjórnar Grindavíkur dags. 20. og 24. júlí 2000 þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu byggingar nýrra brimvarnargarða í Grindavík.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grindavíkurbæjar, Náttúruverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Álit bárust frá Grindavíkurbæ með bréfi dags. 16. ágúst 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 21. ágúst 2000, Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 23. ágúst 2000 og Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfum dags. 16. og 24. ágúst 2000. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar í kjölfar álita frá Siglingastofnun með bréfi dags. 15. september 2000 og frá Grindavíkurbæ með bréfi dags. 18. september 2000.

Í framlögðum gögnum Siglingastofnunar kemur fram að um 2.500 - 3.000 tonna skip fari um höfnina í dag og að það muni ekki breytast við gerð brimvarnargarðanna. Áætlað er að framkvæmdir hefjist snemma árið 2001 og þeim ljúki að hausti árið 2002. Fram kemur að framkvæmdin felst m.a. í byggingu tveggja garða. Vestari garðurinn muni verða 250 m langur og efnismagn um 80.000 m<sup>3</sup>. Eystri garðurinn muni verða 315 m langur og efnismagn í honum um 100.000 m<sup>3</sup>. Áætluð efnispörf við framkvæmdina er samtals um 180.000 m<sup>3</sup> sem gert er ráð fyrir að vinna í námu vestan Grindavíkur.

### **Efnistaka**

Í framlögðum gögnum Siglingastofnunar kemur fram að námur vegna verksins séu

matsskyldar þar sem um sé að ræða efnistöku sem nemi meira en 150.000 m<sup>3</sup>.

### **Bygging brimvarnargarða**

Í framlögðum gögnum Siglingastofnunar kemur fram að markmið framkvæmdanna er að brimvarnargarðarnir veiti skjól í innri hluta innsiglingarrennu og auki til muna öryggi sjófarenda í innsiglingunni. Einnig kemur fram að garðurinn muni sjást vel úr hluta af bænum og til að mannvirkid verði ekki til lýta verði vandað til við hleðslu og allan frágang.

Að mati Grindavíkurbæjar ber ekki að ákvarða byggingu brimvarnargarðanna sem matsskylda framkvæmd þar sem þeir séu innan hafnarsvæðis og það sé skilgreint í nágildandi skipulagi.

Hafrannsóknastofnun telur ekki ástæðu til að mæla með að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur ekki um matsskylda framkvæmd að ræða en mælir með að lausn á fráveitukerfi Grindavíkurbæjar verði framkvæmt áður en til byggingar brimvarnargarða kemur.

Í bréfi Grindavíkurbæjar dags. 18. september 2000 kemur fram að þrjár núverandi útrásir frárennslis muni lenda innan hinna nýju brimvarnargarða. Fram kemur að unnið sé að lausn sem felist í að dæla öllu frárennslis í útrás sem sé utan fyrirhugaðra brimvarnargarða. Áætlað sé að fullnaðarhönnun ljúki árið 2001 en framkvæmdum við gerð dælu og hreinsistöðvar og nýrrar útrásar muni ekki ljúka fyrr en árið 2005.

Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að metin verði umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar m.a. vegna þess að ekki hafi verið sýnt fram á að framkvæmdin valdi ekki neikvæðum áhrifum á fuglalíf, lífríki í sjó og lífríki í fjörum, einkum í Járngerðarstaðavík. Einnig telur Náttúruvernd ríkisins eðlilegt að lögð verði fram gögn sem sýni hvort og þá hvaða breytingar verði á straumum, öldulagi og rofi við ströndina.

Í ljósi álits Náttúruverndar ríkisins og eftir fund Siglingastofnunar með fulltrúum Náttúruverndar ríkisins féllst Skipulagsstofnun á þá ósk Siglingastofnunar að fresta ákvörðun sinni þar til fram hefði farið úttekt á lífríki fjörunnar í Járngerðarstaðavík og niðurstöður þeirrar könnunar ásamt frekari upplýsingum hefðu borist Skipulagsstofnun.

Í frekari upplýsingum Siglingastofnunar kemur fram að teljast verði ólíklegt að bygging fyrirhugaðra brimvarnargarða skerði náttúruverðmæti fjörunnar við Grindavík að ráði. Fjörunnar innan fyrirhugaðra garða virðist lítt sérstæðar og aðeins líttill hluti af svipuðum fjörum á svæðinu. Þær muni sennilega ekki breytast mikið við framkvæmdirnar. Einnig kemur fram að við núverandi aðstæður myndist þverstraumur innst í innsiglingunni þegar brimar. Þessi straumur sé ekki stöðugur heldur fylgi hann öldgunum í öldunni. Garðarnir séu hannaðir þannig að í brimi dragi úr þessum þverstraumi sem geti verið hættulegur skipum sem sigli um núverandi hafnarmynni. Garðarnir muni engin áhrif hafa á hafstauma.

## Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða breytingu á höfn þar sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um, sem samkvæmt 6. gr. og lið 13.a. í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og að fengnu álitum Grindavíkurbæjar, Náttúruverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er það mat Skipulagsstofnunar að bygging á nýjum brimvarnargörðum í Grindavík sé ekki matskyld framkvæmd samkvæmt fyrirnefndum lögum.

Eins og fram kemur í erindi Siglingamálastofnunar eru námur vegna verksins matskyldar þar sem um sé að ræða námuvinnslu sem nemi meira en 150.000 m<sup>3</sup>. Skipulagsstofnun gengur út frá því að hér sé átt við alla efnistöku sem getið er hér að framan og er tengd byggingu nýrra brimvarnargarða í Grindavík og því þurfi ekki að úrskurða sérstaklega um hana.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. október 2000.

Auður Andrésdóttir

Fylgiskjöl:

1. Álit Grindavíkurbæjar, dags. 16. ágúst 2000.
2. Álit Náttúruverndar ríkisins, dags. 21. ágúst 2000.
3. Álit Hafrannsóknastofnunar, dags. 23. ágúst 2000.
4. Álit Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja dags. 16. og 24. ágúst 2000.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Siglingastofnunar:

Umhverfisráðuneytið  
Náttúruvernd ríkisins  
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja  
Grindavíkurbær  
Hafrannsóknastofnun